



Hreppsnefnd 14.12.06

Fundur hreppsnefndar Vopnafjarðarhrepps haldinn
fimmtudaginn 14. des. 2006 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Aðalbjörn Björnsson, Ólafur Ármannsson, Anna Pála Víglundsdóttir, Halldóra S. Árnadóttir, Þórdís Þorbergsdóttir, Einar Víglundsson og Kristín H. Reynisdóttir.

Ennfremur mættir: Þorsteinn Steinsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Oddviti óskaði eftir að fundargerð fræðslunefndar frá 12. desember sl. verði tekin til umfjöllunar. Samþykkt samhljóða að taka hana á dagskrá undir 2. lið í dagskrá

Dagskrá:

1. mál. Fundargerð hreppsnefndar frá 30. nóv. sl.
Lögð fram fundargerð hreppsnefndar frá 30. nóv. sl.
Fundargerðin síðan samþykkt samhljóða.

2. mál. Fundargerð fræðslunefndar frá 12. desember sl.
Lögð fram fundargerð fræðslunefndar frá 12. des. sl. Gerð var smávægileg athugasemd um orðalag.
Fundargerðin síðan samþykkt.

3. mál. Fundargerðir stjórnar -og aðalfundar Skiphólma ehf. frá 14. nóv. sl.
Lagðar fram fundargerðir stjórnar og aðalfundar Skiphólma frá 14. nóv. sl.
Jafnframt lögð fram skýrsla stjórnar frá aðalfundinum.
Fundargerðirnar samþykktar

3. mál. Uppsagnir HB Granda h/f á áhöfn Brettings NS-50 06. des. sl.
Lagt fram svohljóðandi bréf Vopnafjarðarhrepps til stjórnar HB Granda h/f dags. 07. des. sl.
varðandi uppsagnir áhafnar Brettings NS-50:

“Stjórn HB Grandi h/f
b.t. Árna Vilhjálmssonar, stjórnarformanns
Norðurgarði
101 Reykjavík

Efni: Uppsögn áhafnar Brettings NS-50

Hreppsnefnd Vopnafjarðarhrepps kom saman til fundar miðvikudaginn 6. desember sl.
Tilfni fundarins var sú ákvörðun HB Granda h/f að segja upp allri áhöfn togarans Brettings NS-50 sem gerður er út frá Vopnafirði. Samhliða uppsögnunum var tilkynnt um að leggja ætti skipinu í kjölfarið og að annað skip muni ekki koma í staðinn.
Brettingur er eitt af þremur stærstu deildum sjávarútvegs hér og hefur verið stór þáttur í atvinnulífi staðarins allt frá árinu 1967 þegar eldra skip þessa heitis kom til Vopnafjarðar.

Ákvörðun þessi kemur eins og þruma úr heiðskíru lofti og hefur mikil neikvæð áhrif á atvinnuöryggi margra fjölskyldna á Vopnafirði. Alls eru í áhöfn Brettings um 16 Vopnfirðingar sem eru nálægt 2,2 % íbúanna þ.a. áhrifin eru víðtæk í samfélaginu. Meirihluti þeirra hefur starfað á skipinu í áratugi og

skipið verið eins og þeirra annað heimili. Margfeldisáhrif eru mikil fyrir byggðarlagið, fjárhagslega, atvinnulega og tilfinningalega. Það gefur og augaleið að slíkur gjörningur getur haft slæm áhrif á búsetuþróun og tekjumissi fyrir sveitarfélagið þar sem útsvarstekjur þessara manna hafa verið drjúgar í gegnum tíðina.

Eins og að framan greinir hefur hreppsnefnd miklar áhyggjur af afleiðingum uppsagna þessara og lýsir af þeim sökum yfir óánægju með þessa ákvörðun stjórnar HB Granda h/f og harmar að slíkt skuli vera gert. Aðgerð sem þessi skyggir á annars ánægjulega og kraftmikla uppbyggingu fyrirtækisins í sveitarfélaginu

Það er því einlæg ósk hreppsnefndar að stjórn fyrirtækisins endurskoði ákvörðun sína því ætla má að ekki hafi verið skoðað til hlýtar hvaða áhrif þetta hefur fyrir samfélagið Vopnafjörð.

Í þessu sambandi er einnig óskað eftir fundi með forsvarsmönnum HB Granda varðandi þessi mál og framtíðaaáform fyrirtækisins við fyrstu hentugleika.

Með bestu kveðjum og von um gott samstarf hér eftir sem hingað til.

f.h. hreppsnefndar

Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri Aðalbjörn Björnsson, oddviti”

Jafnframt lagður fram tölvupóstur Vopnafjarðarhrepps til framkvæmdastjóra og stjórnarformanns frá 08. des. sl., þar sem óskað er eftir því að fljótt fáiast svar við ofangreindu bréfi.

Oddviti og sveitarstjóri gerðu síðan grein fyrir fundi með framkvæmdastjóra HB Granda þann 6. des. sl., en haldinn var sérstakur fundur hreppsnefndar þann dag í hreppsnefnd um málefnið. Jafnframt var skýrt frá fundi sem sveitarstjóri og oddviti boðuðu til með áhöfn Brettings þegar hann kom inn til löndunar þriðjudaginn 12. des. sl. Óskað hefur verið eftir fundi með stjórn fyrirtækisins um málið og þess vænst að hann verði þegar í næstu viku.

Mikil umræða fór fram um málefnið sem endurspegladi alvarleika þess fyrir samfélagið á Vopnafirði.

Hreppsnefnd samþykkti síðan samhljóða að unnið verði áfram að því af fullum krafti að finna lausnir með HB Granda.

4. mál. Endurskoðun fjárhagsáætlunar 2006. - Síðari umræða -

Tekin fyrir að nýju endurskoðun fjárhagsáætlunar Vopnafjarðarhrepps fyrir árið 2006, til síðari umræðu. Áður var fjallað um málið á fundi hreppsnefndar þann 30. nóv. sl.

Sveitarstjóri lagði fram breytingartillögu við fjárhagsáætlun við síðari umræðu. Gerði hann grein fyrir fyrirliggjandi breytingartillögu við upphaflega fjárhagsáætlun og þeim smávægilegu breytingum sem orðið höfðu milli umræðna og svaraði fyrirspurnum fundarmanna jafnframt ferði hann lagfæringu á breytingartillögu í samræmi við ábendingu.

Lagði hann síðan til að fyrirliggjandi breytingartillaga yrði þannig samþykkt við síðari umræðu.

Samkvæmt fyrirliggjandi breytingartillögu lækka tekjur sveitarfélagsins nokkuð frá því sem ráðgert hafði verið og einnig hækka rekstrargjöld á nokkrum stöðum. Þegar tekið hefur verið tillit til lækkunar rekstrartekna og hækkunar gjalda vantar 25.986 þús. kr. nettó upp á rekstrarniðurstöðu frá upphaflegri áætlun. Á móti eru skorin niður og frestað útgjöldum vegna ýmissa framkvæmda að fjárhæð 59.000 þús. kr. Mismunur alls þessa jafnast síðan út í sjóðstreymi undir liðnum fjárfestingar- og fjármögnunarahreyfingar; þ. a. að annað tveggja verði tekin minni lán eða færri eignir seldar en ráð var fyrir gert í upphaflegri áætlun. Alls að fjárhæð 33.014 þús. kr.

Talsverðar umræður urðu um fyrirliggjandi tillögur og svaraði sveitarstjóri fyrirspurnum

fundarmanna.

Fyrirliggjandi tillaga var síðan samþykkt með 4 atkvæðum 3 sátu hjá.

5. mál. Lánasjóður sveitarfélaga bréf dags. 14. nóv. sl., vaðandi sameiningu eldri lána í einn lánasamning.

Lagt fram bréf Lánasjóðs sveitarfélaga frá 14. nóv. sl. þar sem Lánasjóðurinn mælir með því að öll eldri lán sjóðsins við Vopnafjarðarhrepp verði sameinuð í einn lánasamning, sem verði með sömu kjörum og eldri lánin.

Samkvæmt yfirliti sjóðsins sem liggur fyrir fundinum er um alls 21 lán að ræða samtals að fjárhæð 89.764 þús. kr. með áföllnum verðbótum og vöxtum.

Hér er ekki um nýtt lán að ræða heldur sameiningu margra eldri lána skv. meðfylgjandi yfirlit í einn lánsamning. Lánskjör eru óbreytt þ.e. verðtrygging skv. vísitölu neysluverðs, breytilegir vextir nú 4,4 %, afborganir verða þó fjórar á ári.

Hreppsnefnd samþykkti fyrirliggjandi málmeðferð og felur sveitarstjóra að ganga frá nýjum lánsamningi til samræmis við þetta.

6. mál. Vinnumálastofnun Austurlands, þjónustusamningur

Lögð fram drög að samningi við Vinnumálastofnun um þjónustu við atvinnuleitendur. Sveitarstjóri kynnti fyrirliggjandi samning. Sem kunnugt er var atvinnuleysisskráning tekin frá sveitarfélögunum fyrr á árinu en samkvæmt fyrirliggjandi drögum er óskað eftir að skráningin færist aftur til baka.

Hreppsnefnd samþykkti fyrirliggjandi samningsdrög og felur sveitarstjóra að undirrita þau.

7. mál. Bréf landeigenda Svínabakka og Engihlíðar dags. 28. nóv. sl., varðandi uppsögn á vatnsréttindum.

Lagt fram bréf landeigenda að Svínabökkum og Engihlíð, dags. 28. nóv. sl., þar sem sagt er upp gildandi samningi um vatnsnýtingu úr landi jarðanna. Jafnframt lögð fram afrit gildandi samninga, er gilda til 1. des. 2008.

Samþykkt að fela sveitarstjóra að ræða við landeigendur um framvindu mála.

8. mál. Bréf sambands sveitarfélaga á Austurlandi, varðandi kostnað sveitarfélaga við vaxtarsamning sbr. yfirlýsingu frá 06. okt. sl.

Sveitarstjóri kynnti málið lagði hann til að Vopnafjarðarhreppur samþykkti kostnaðarhlutdeild sína samkvæmt fyrirliggjandi yfirliti sem unnið er hjá skrifstofu SSA. Málinu að öðru leyti vísað til afgreiðslu fjárhagsáætlunar.

Hreppsnefnd samþykkir með 5 atkvæðum áður boðaða þátttöku 2 sátu hjá.

9. mál. Ýmis bréf og fundagerðir:

a) Fundargerð samgöngunefndar SSA frá 28. nóv. sl.
Lögð fram til kynningar.

b) Árgjald SSA 2007, skipting sbr. yfirlit frá 18. nóv. sl.
Lagt fram til kynningar.

c) Gögn frá aðalfundi fulltrúaráðs og fundi nýkjörinnar stjórnar Héraðsskjalasafns Austfirðinga.
Lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17.10.